

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1087/2013

2015/EES/16/52

frá 4. nóvember 2013

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 að því er varðar skýrslugjöf um metýlbrómíð (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 26. gr. ættu aðildarríki að gefa skýrslu árlega um magn metýlbrómíðs sem leyft hefur verið til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning skv. 2. mgr. 12. gr. sem og um magn metýlbrómíðs sem leyft hefur verið vegna neyðarástands skv. 3. mgr. 12. gr.
- 2) Fresturinn, sem veittur var til 18. mars 2010 og kemur fram í 1. mgr. 12. gr., er útrunninn og ekki má lengur setja metýlbrómíð á markað og nota það til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning. Því er engin þörf á að fara fram á að aðildarríkin haldi áfram að gefa skýrslu árlega um metýlbrómíð sem leyft hefur verið til meðhöndlunar gegn kvíuðum skaðvöldum og meðhöndlunar fyrir flutning skv. 2. mgr. 12. gr.

- 3) Tímabundið leyfi fyrir metýlbrómíði vegna neyðarástands skv. 3. mgr. 12. gr. krefst sérstakrar ákvörðunar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í hverju tilviki. Því er engin þörf á að fara fram á að aðildarríki haldi áfram að gefa skýrslu árlega þar eð hægt er að fella kvöðina um skýrslugjöf beint inn í hverja sérstaka ákvörðun fyrir sig.
- 4) Því ætti að fella brott a-lið 1. mgr. 26. gr.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði a-liðar 1. mgr. 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 1005/2009 falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2015 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 286, 31.10.2009, bls. 1.